


9.1.1. Nýtt stjórnskipulag Hafnarfjarðarbæjar

Lagt er til að tekið verði upp nýtt stjórnskipulag fyrir Hafnarfjarðarbæ. Í nýju skipuriti er lögð áhersla á að ná fram betri nýtingu á starfskröftum og á sama tíma staðsetja verkefni betur við hlið annarra þar sem ljóst er að samlegð er fyrir hendi.

Í tillögu að nýju skipuriti Hafnarfjarðarbæjar verði fjögur þjónustusvið, það eru fjölskylduþjónusta, fræðslu- og frístundaþjónusta, umhverfis- og skipulagsþjónusta og hafnarþjónusta. Stjórnsýslusvið og fjármálasvið eru stoðsvið sem ganga þvert á þjónustusviðin.

Eftirfarandi er tillaga að nýju stjórnskipulagi fyrir Hafnarfjarðarbæ:



Mynd 68 Tillaga að nýju stjórnskipulagi fyrir Hafnarfjarðarbæ

Í ofangreindri mynd má sjá tillögu um tvö ný svið, það eru fjármálasvið og hafnarþjónusta. Er það byggt á tillögu 17 þar sem lagt er til að reikningshald, fjárreiðudeild og ný hagdeild sameinist í stoðsviði sem nefnist fjármálasvið. Innan hagdeildar verði komið fyrir verkefnum sem snúa að þróun og umbótum á sviði rekstrareftirlits sem skal stuðla að hagkvæmni í rekstri sveitarfélagsins.

Breytt rekstrarfyrirkomulag hafnarinnar byggir á tillögu 51 þar sem lagt er upp með að skýra betur stjórnsýslulega stöðu hafnarinnar ásamt því að tengja betur starfsemi hafnarinnar við starfsemi bæjarins.

9.1.2. Hafnarþjónusta

Lagt er til að rekstrarfyrirkomulagi hafnarinnar verði breytt. Til verði nýtt svið sem staðsett er innan stjórnkerfis bæjarins og nefnist hafnarþjónusta (um þetta er fjallað í tillögu 51). Höfnin er B- hluta félag og afkoma hennar byggir því fyrst og fremst á þjónustutekjum en ekki skatttekjum.

Ákvæði laga kveða hins vegar á um ábyrgð eigenda hafna á starfseminni og því er eðlilegt að „vald fylgi ábyrgð“ og fjárhagsmálefni og dagleg stjórnun hafnarinnar heyri þannig undir bærarstjóra.

